

Leikhús – Leikhús – Leikhús – Leikhús

Leikfélag MR:

Rómeó og Júlía á Herranótt

Leikfélag Menntaskólans í Reykjavík frumsýnir, á Herranótt, hið sigilda leikverk Rómeó og Júlía eftir William Shakespeare, um elskendurna sem neitað var að eiga, í þýðingu Helga Hálfðanarsonar. Leikstjóri er Þórunn Sigurðardóttir. 35 menntaskólanemar taka þátt í sýningunni en Rómeó og Júlía leika þau Thor Aspelund og Jóhanna Halldórsdóttir, en í hlutverki fósturrar er Ragnhildur Clausen. Sviðsmyndina hannaði Karl Aspelund og ljósameistari er Egill Örn Arnarson. Höfundur

dansa er Nanna Ólafsdóttir. Þetta mun vera fimmta sýningin sem Herranótt setur upp eftir Shakespeare og má geta þess að leikritið sem sýnt var í fyrra, Húsið á hæðinni, eftir Sigurð Pálsson, í leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur, var tekið upp af sjónvarpinu og verður sýnt þar um páskana. Fyrstu sýningar á verkinu verða á laugardaginn kl. 16.00 og aftur klukkan 20.00. Næstu sýningar verða svo á sunnudag, þriðjudag og föstudag, allar klukkan 20.00.



Í Rómeó og Júlíu taka þátt 35 nemendur úr Menntaskólanum í Reykjavík.

Kvikmyndahús – Kvikmyndahús

Bióhöllin

Kirk Douglas og Burt Lancaster eiga að baki langan og árangursríkan feril í kvikmyndum. Þeir hafa sjö sinnum leikið saman í kvikmynd og er Góðir gæjar (Tough Guys) sú síðasta í röðinni. Í Góðum gæjum leika þeir lestaræningja sem hafa setið inni mestanpart lífs síns. Þegar þeim er sleppt er öðrum þeirra komið fyrir á elliheimili enda kominn yfir aldur vinnandi manns. Hinn á fáein ár eftir sem vinnandi maður en kemst fljótt að því að það eru fá tækifæri fyrir gamlan fanga á vinnumarkaðinum. Þeir komast í sameiningu að því að best sé fyrir þá að ljúka því verki sem þeir hófu áður en þeim var stungið inn, sem sagt að ræna lest. . .

Regnboginn

Skyttur eru ný, íslensk kvikmynd. Leikstjóri er Friðrik Þór Friðriksson. Skyttur fjalla um tvo sjómenn sem eru að koma af vertíð. Myndin hefst um borð í hvalveiðibát en leið þeirra liggur til Reykjavíkur þar sem þeir lenda í mörgum ævintýrum sem enda á örlogaríkan hátt fyrir þá. Þessa tvo sjómenn leika áhugaleikararnir Þórarinn Óskar Þórarinnsson og Eggert Guðmundsson og hafa þeir fengið almennt lof fyrir túlkun sína.

Stjörnubió

Eyðimerkurblóm (Desert Bloom) er athygliverð kvikmynd með Jon Voight og Jo Beth Williams í aðalhlutverkum. Gerist hún á þeim tíma þegar Bandaríkjamenn sprengdu sína fyrstu kjarnorkusprengju og fjallar um stúlku sem strýkur að heiman nóttina sem hún var sprengd. Þá frumsýndi Stjörnubió í vikunni nýja kvikmynd, Blóðsugur (Vamp), sem eins og nafnið bendir til er hryllingsmynd. Aðalhlutverkið leikur Grace Jones. Þá má geta hinnar ágætu myndar, Ófgar (Extremities), þar sem Farah Fawcett leikur stúlku sem reynt er að nauðga. Hún gerir það sem sjaldgæft er, snýst gegn nauðgaranum á þann eina hátt sem hann skilur.

Tónabió

Vítisbúðir (Hell Camp) er um hermenn í æfingabúðum og ævintýri þeirra. Aðalhlutverkin leika Tom Skeritt og Lisa Eichorn. Þetta er mynd fyrir þá sem láta sér nægja hasar án þess að efniþráður skipti miklu.

Austurbæjarbíó

Myndir Andreis Konchalovsky eru svo sannarlega snemma á ferðinni hérlandis. Brostinn strengur (Duyet For One) er alveg glæný, samt komin hingað. Fjallar myndin

